
FRAMLEIÐSLUAUKNING EGGJABÚSINS AÐ VALLÁ Á KJALARNESI, REYKJAVÍK

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 8. júlí 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Stjórnueggja að matsáætlun vegna aukinnar framleiðslugetu eggjabús Vallár úr 50.000 í 95.000 fugla á Kjalarnesi, Reykjavík samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Endurnýjun búnaðar og aukin framleiðslugeta eggjabús Vallár á Kjalarnesi. Tillaga að matsáætlun. Stjórnuegg hf. og Efla, 29. maí 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit dags. 27. ágúst 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 1. október 2020.
- Matvælastofnun dags. 7. september 2020.
- Minjastofnun Íslands dags. 24. júlí 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 12. ágúst 2020.
- Reykjavíkurborg dags. 26. ágúst 2020.

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Baldvini Björnssyni dags. 26. júlí 2020.
- Hannesi Adolf Magnússyni dags. 26. júlí 2020.
- Magnúsi Hannessyni dags. 26. júlí 2020.
- Samtökum grænkerá á Íslandi dags. 27. júlí 2020.
- Stefáni G. Ármannssyni, Guðfinnu Indriðadóttur og Ármanni Stefánssyni dags. 21. júlí 2020.
- Vilhjálmi Ólafssyni dags. 25. júlí 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 4. febrúar 2021.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu Stjórnueggja eru kynnt áform að endurnýja varpbúnað eggjabúsins að Vallá á Kjalarnesi og auka með því eldisrými þannig að bústofninn geti stækkað úr 50.000 í 95.000 fugla. Framkvæmdirnar felast í breytingum innandyra án þess að reisa nýjar byggingar.



Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu Stjórnueggja eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

Meðferð hæsnaskíts

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að hæsnaskítur frá eldishúsum Vallá sé fluttur, að Geldingaá í Leirársveit, þar sem að hann er notaður sem áburður. Framkvæmdaraðili hefur til ráðstöfunar um 300 ha af landi til dreifingar á skít á Geldingaá samkvæmt samstarfssamningi við landeigendur, auk heimatúna. Aukið magn af hæsnaskít muni falla til samfara aukinni framleiðslu. Magnið geti orðið allt að 3.500 tonn á ári.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er talið mikilvægt að í frummatsskýrslu verði ítarlega greint frá geymslu, flutningi og dreifingu hæsnaskíts og undirburðar. Bæði geymslu á búi Vallár og geymslu á landi Geldingaár. Þá skal greint frá fyrirkomulagi dreifingar og áhrifum sem geymsla og dreifing húsdýraáburðar kann að hafa á lyktarmengun, læki, ár eða vatnsból. Í þeirri umfjöllun ætti að vísa til viðeigandi BAT-niðurstaðna en ekki starfsreglna um góða búskaparhætti að mati Umhverfisstofnunar. Ennfremur er bent á að að hauggeymslur skulu vera lokaðar, vandaðar og þéttar til að koma í veg fyrir jarðvegs-, vatns- og lyktarmengun.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að gera þurfi betur grein fyrir því hvort sú dreifing sem þegar hefur átt sér stað hafi ekki haft neikvæð áhrif á gæði vatns sem tekin eru úr vatnsbólum sem liggja við dreifingarsvæðið. Um getur verið að ræða 3-4 vatnsból. Ljóst er að vatnssöfnunarsvæði vatnsbólanna liggja innan dreifingarsvæðisins.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram að í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 séu merkt inn þónokkur vatnsból og brunnsvæði í landi Geldingaár þar sem fyrirhugað er að dreifa hæsnaskít. Stór hluti svæðisins er einnig skilgreindur sem vatnsverndarsvæði. Nefndin bendir á að óheimilt sé að dreifa búfjárurður á vatnsverndarsvæðum. Mikilvægt er að umfjöllun í frummatsskýrslu um áhrif á yfirborðsvatn taki einnig til áhrifa á þessi vatnsból og vatnsverndarsvæði.

Í athugasemdum Magnúsar Hannessonar er bent á að mjög lítil hauggeymsla sé fyrir hæsnaskít að Geldingaá og hæsnaskít hafi verið dreift allt árið þrátt fyrir bann við dreifingu frá 1. nóvember til 15. mars. Fleiri athugasemdir bárust þar sem fram koma áhyggjur af dreifingu hæsnaskíts á og við vatnsverndarsvæði fyrir neysluvatn nálægra bæja.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við gerð tillögu að matsáætlun hafi láðst að taka tillit til vatnsbóla í grennd fyrirhugaðs dreifisvæðis að Geldingaá. Í frummatsskýrslu verði tekið tillit til þessa og fjallað um áhrif á grunnvatn, þ.e. vatnsból og vatnsverndarsvæði. Umrætt fyrirkomulag, þar sem kjúklingaskítur er afhentur bændum að Geldingaá, gæti verið tímabundið og tekið breytingum í framtíðinni, þ.e. kjúklingaskíturinn gæti verið afhentur öðrum aðila sem dreifir á öðrum stað. Við vinnslu tillögu að matsáætlun hafi verið reiknað með að daglegt magn skíts frá hverjum fugli væri 100 g. Það er hins vegar ofmat því daglegt magn skíts er um 50 g/fugl. Árlegt magn skíts verður því um helmingi minni en getið er um í tillögu að matsáætlun. Útreikningar þessir verða uppfærðir í frummatsskýrslu og útskýrt verður hverjar forsendur útreikninga eru.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir geymslu, flutningi og dreifingu hæsnaskíts og hvernig meðferð hans samræmist skilyrðum í BAT-skýrslum fyrir starfsgreinina. Gera þarf grein fyrir því hvernig farið er með hæsnaskít á þeim tíma sem ekki er unnt að dreifa honum. Hversu mikið fellur til á þeim tíma og hvar og hvernig skíturinn er geymdur þegar ekki má dreifa honum. Gera þarf grein fyrir þeim takmörkunum sem geymsla, flutningur og dreifing hæsnaskíts er háð, s.s. fjarlægð frá mannabústöðum, vatnsverndarsvæðum, útivistarsvæðum og öðrum viðkvæmum svæðum fyrir lykt af hæsnaskít. Í frummatsskýrslu þarf að sýna fram á að Stjórnuegg hafi til afnota nógu stórt landsvæði til að dreifa skít í því magni að álag vegna næringarefna standist tilgreind viðmið í samræmi við BAT skýrslur. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig dreifing hæsnaskíts



Samræmist þeim ákvæðum sem gilda má um vatnsvernd í skipulagi á viðkomandi svæði sem og vatnsöflun á svæðinu.

Í ljósi framangreinds þarf í frummatsskýrslu að leggja mat á áhrif starfseminnar á neysluvatn.

Fráveita

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að unnið sé að úrbótum á nýrri rotþró.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fráveitumálum starfseminnar. Hvaða efni séu í fráveitu og hversu mikið berist í frárennsli frá starfseminni og hvaða áhrif fráveitan hefur á umhverfið að lokinni stækkun.

Förgun sýkra fugla

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að fyrir starfsleyfisveitingu framleiðsluaukningar þurfi að liggja fyrir samningur um móttöku og förgun á þeim fjölda fugla sem fyrirhugað er að ala ef upp kemur alvarleg sýking í búinu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem fyrirtækið hyggst beita ef upp koma alvarlegar sýkingar sem gætu orðið til þess að fella þurfi stóran hluta af bústofninum á Vallá.

Loftgæði – lykt og samlegðaráhrif með öðrum lyktaruppsprettum

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hugsanlegri lyktarmengun vegna framleiðsluaukningarinnar bæði frá eggjabúinu að Vallá og túnum að Geldingaá í Leirársveit þar sem fyrirhugað er að dreifa hæsnaskít frá búinu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu lyktaruppsprettum s.s. við Vallá sem og þá staði þar sem skítur er fluttur eða geymdur og honum er dreift. Þá þarf að gera grein fyrir þeim stöðum þar sem kvartað hefur verið undan lykt frá starfseminni og gera grein fyrir þeim aðgerðum sem fyrirhugað er að grípa til þannig að ekki hljóti ónæði vegna lyktar. Einnig þarf að gera grein fyrir þeim skilyrðum sem líklegust eru til að auka líkur á ónæði vegna lyktar og hvernig fyrirhugað er að haga framkvæmdum og starfsemi þannig að ónæði vegna lyktar verði sem minnst. Þá þarf að gera grein fyrir samlegðaráhrifum stækkunarinnar með öðrum lyktaruppsprettum í nágrenni Vallár.

Skipulag og landbúnaður á Kjalarnesi

Í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur er bent á að í deiliskipulagi fyrir Vallá komi fram að jörðin sé landbúnaðarsvæði þar sem ekki standi til að auka framleiðslu á jörðinni, né stækka núverandi starfsemi. Framleiðsla verði sambærileg því sem verið hefur á umliðnum árum eða um 50.000 fuglar.

Í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur kemur jafnframt fram að unnið hafi verið að því að útfæra landbúnaðarstefnu fyrir Kjalarnes. Vinna starfshóps hafi ekki verið fullkláruð en skýrsludrög liggja fyrir.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig framkvæmdir samræmast gildandi skipulagi svæðisins sem og landbúnaðarstefnu fyrir Kjalarnes að því marki sem hún liggur fyrir þegar frummatsskýrsla verður birt.

Gróður, vistgerðir og verndarsvæði

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að gera þurfi grein fyrir vistgerðum innan fyrirhugaðs dreifingarsvæðis og hvort einhver þeirra er sjaldgæf eða í hættu. Kanna mætti möguleika á að skilja eftir eyjur með staðargróðri þannig að hann geti dreift sér síðar til að sporna við því að landið verði einsleitt.



Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu vistgerðum á dreifingarsvæði. Greina þarf frá verndargildi þeirra og meta áhrif fyrirhugaðrar dreifingar hæsnaskíts á gróður og vistgerðir. Jafnframt þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum dreifingu hæsnaskíts á lífríki Grunnafjarðar.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki sé talin ástæða til að leggja fram aðra kosti en aðalvalkost en mat á umhverfisáhrifum framleiðsluaukningarinnar muni felast í samanburði við núllkost.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er það talið ófullnægjandi að aðeins er fjallað um einn valkost og núllkost. Stofnunin bendir á að fleiri þættir en framleiðslueiningar bjóða upp á valkostaumfjöllun. Má þar nefna útfærslur haughúsa og aðferðir við geymslu á útmokstri (hæsnaskít og undirburði), mismunandi tækni við loftræstibúnað og ryk síur við útblásturstúður úr húsum og mismunandi aðferðir við varnir gegn lyktarmengun sbr. BAT-niðurstöður.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi útfærsla á haughúsum, þ.e. að færa skít beint í gám sem síðan sé nýttur til flutninga, sé sú útfærsla sem sé þrífalegust og dragi úr hættu á mengun. Þá hafi loftræstibúnaður verið valinn þannig að uppfylla megi skilyrði um velferð alifugla. Færð verða rök fyrir því í frummatsskýrslu hvers vegna ekki verða lagðir fram fleiri valkostir, og þeim útfærslum lýst sem framkvæmdaraðili hefur nú þegar kannað við val á búnaði og aðferðum við geymslu útmoksturs o.fl.

Aðalvalkostur framkvæmdaraðila gerir ráð fyrir að hæsnaskít verði dreift á jörðina Geldingaá í Hvalfjarðarsveit á svæði sem að hluta nýtur vatnsverndar og er í nágrenni við vatnsból. Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum kemur fram að við gerð tillögu að matsáætlun hafi yfirsést að taka tillit til vatnsbola í nágrenni fyrirhugaðs dreifingarsvæðis. Í ljósi framangreinds telur Skipulagsstofnun ástæðu til að framkvæmdaraðili skoði og fjalli um möguleika til ráðstöfunar hæsnaskíts og beri þá saman við aðalvalkost með tilliti til umhverfisáhrifa.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Stjórnueggja að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir geymslu, flutningi og dreifingu hæsnaskíts og hvernig meðferð hans samræmist skilyrðum í BAT-skýrslum fyrir starfsgreinina. Gera þarf grein fyrir því hvernig farið er með hæsnaskít á þeim tíma sem ekki er unnt að dreifa honum. Hversu mikið fellur til á þeim tíma og hvar og hvernig skíturinn er geymdur þegar ekki má dreifa honum. Gera þarf grein fyrir þeim takmörkunum sem geymsla, flutningur og dreifing hæsnaskíts er háð, s.s. fjarlægð frá mannabústöðum, vatnsverndarsvæðum, útivistarsvæðum og öðrum viðkvæmum svæðum fyrir lykt af hæsnaskít. Í frummatsskýrslu þarf að sýna fram á að Stjórnuegg hafi til afnota nógu stórt landsvæði til að dreifa skít í því magni að álag vegna næringarefna standist tilgreind viðmið í samræmi við BAT skýrslur. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig dreifing hæsnaskíts samræmist



- þeim ákvæðum sem gilda má um vatnsvernd í skipulagi á viðkomandi svæði sem og vatnsöflun á svæðinu.
2. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á áhrif starfseminnar á neysluvatn.
 3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fráveitumálum starfseminnar. Hvaða efni séu í fráveitu og hversu mikið berist í frárennsli frá starfseminni og hvaða áhrif fráveitan hefur á umhverfið að lokinni stækkun.
 4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem fyrirtækið hyggst beita ef upp koma alvarlegar sýkingar sem gætu orðið til þess að fella þurfi stóran hluta af bústofninum á Vallá.
 5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu lyktaruppsprettum s.s. við Vallá sem og þá staði þar sem skítur er fluttur eða geymdur og honum er dreift. Þá þarf að gera grein fyrir þeim stöðum þar sem kvartað hefur verið undan lykt frá starfseminni og gera grein fyrir þeim aðgerðum sem fyrirhugað er að grípa til þannig að ekki hljóttist ónæði vegna lyktar. Einnig þarf að gera grein fyrir þeim skilyrðum sem líklegust eru til að auka líkur á ónæði vegna lyktar og hvernig fyrirhugað er að haga framkvæmdum og starfsemi þannig að ónæði vegna lyktar verði sem minnst. Þá þarf að gera grein fyrir samlegðaráhrifum stækkunarinnar með öðrum lyktaruppsprettum í nágrenni Vallár.
 6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig framkvæmdir samræmast gildandi skipulagi svæðisins sem og landbúnaðarstefnu fyrir Kjalarnes að því marki sem hún liggur fyrir þegar frummatsskýrsla verður birt.
 7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu vistgerðum á dreifingarsvæði. Greina þarf frá verndargildi þeirra og meta áhrif fyrirhugaðrar dreifingar hæsnaskíts á gróður og vistgerðir. Jafnframt þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum dreifingu hæsnaskíts á lífríki Grunnafjarðar.
 8. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um möguleika til ráðstöfunar hæsnaskíts og bera þá saman við aðalvalkost með tilliti til umhverfisáhrifa.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 21. júní 2021.

Reykjavík, 19. maí 2021

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson